

65 vörður landmælingamanna herstjórnarráðsins, og taki ekki heldur úr þeim neitt, 12. apríl hvorki grjót, vír, stengur, flögg, kopargadda, húna eða annað, og að menn gæti þessa jafnt eftir að mælingarnar í þetta sinn eru um garð gengnar í hjeruðunum eins og á meðan þær standa yfir, svo og jafnframt leiða athygli að því, að brot á móti þessu varði refsingu samkvæmt 296. gr. hinna almennu hegningarlaga.

66

28. mars

Reglugjörð

til bráðabirgða fyrir yfirsetukvennaskólann í Reykjavík.

1. gr.

Það er markmið skólans að veita námskonum þá fræðslu, bóklega og verklega, sem nauðsynleg er til þess að þær geti leyst af hendi þau störf, sem yfirsetukonum eru ætluð samkvæmt gildandi yfirsetukvennalögum.

2. gr.

Kennarar skólans eru: 1) landlæknir, 2) þær 3 yfirsetukonur í Reykjavík, sem stjórnarráðið skipar til að veita yfirsetukonum verklega tilsögn.

Landlæknir ber ábyrgð á störfum skólans. Hann skal hafa eftirlit með þeirri verklegu tilsögn, sem yfirsetukonurnar veita.

3. gr.

Landlæknir úrskurðar um inntöku á skólann.

Inntökuskilyrðin eru þessi:

1. Að námskona sje eigi yngri en 18 ára og eigi eldri en 36 ára.
2. Að hún hafi engan næman sjúkdóm, og sje svo heilsuhraust, að efalaust megi telja hana færa til yfirsetukonustarfs fyrir þá sök. Skal það sannað með læknisvottorði.
3. Að siðferði hennar sje óspilt.
4. Að hún sje full-læs og skrifandi og kunni fjórar aðalgreinar reiknings með heilum tölum og brotum. Skal það sannað með vottorði frá prestri eða kennara, sem hefir kennarapróf.

4. gr.

Námskonur skulu fá styrk, sem stjórnarráðið ákveður, alt að 45 kr. um mánuðinn, meðan þær eru við námið.

5. gr.

66

28. mars

Ef námskona vanrækir námið, eða hagar sjer ósæmilega í skólanum eða utan skóla, svo og ef telja verður skólagöngu hennar skaðlega fyrir skólann, eða gagnslausa fyrir hana sjálfa, þá má landlæknir að fengnu leyfi stjórnarráðsins vísa henni burtu úr skólanum fyrir fult og alt.

6. gr.

Burtfararpróf skólans nefnist yfirsetukvennapróf.

Stjórnarráðið skipar prófdómara til 6 ára í senn.

Prófseinkunnir skulu vera þessar:

Ágætiseinkunn,
fyrsta einkunn,
önnur einkunn,

og er það sú minsta einkunn, sem til þess þarf að standast prófið. Í prófbók skólans skal skrá fult nafn hvernar námskonu, er að prófi gengur, aldur hennar, stjett og heimili, prófspurningar og einkunn, og skal prófdómari rita nafn sitt undir hvert árspróf ásamt landlækni.

Landlæknir gefur út prófvottorð handa þeim, er staðist hafa prófið, og staðfestir það með undirskrift sinni og embættisinnsgli.

7. gr.

Landlæknir skal kenna 4 eða 5 stundir á viku. Hann skal auglýsa kenslustundirnar fyrir námskonum í byrjun kensluskeiðsins.

Hann skal skifta námskonum sem jafnast milli þeirra þriggja yfirsetukvenna, sem veita verklega tilsögn, og skulu þær hafa námskonur með sjer við yfirsetustörf svo oft sem þeim frekast er unt.

8. gr.

Jólaleyfi skal veita námskonum frá 24. desember til 2. janúar, að báðum þeim dögum meðtöldum.

Auk þess er landlækni heimilt að gefa leyfi einn dag í senn, þegar honum þykir sjerstök ástæða til.

Í stjórnarráði Íslands, 28. mars 1913.

H. Hafstein.

Eggert Briem.